



## Tímabundnar reglur um ráðningar hjá Reykjavíkurborg

1. Við undirbúning ráðninga skal stjórnandi starfsstaðar skoða og taka rökstudda afstöðu til þess hvort mögulegt sé að fresta ráðningunni tímabundið eða hætta við ráðninguna. Stjórnendur skulu m.a. horfa til þess hvort annað starfsfólk á starfsstað getur sinnt þeim verkefnum sem um ræðir, hvort hægt sé að fresta upphafsdegi ráðningarinnar eða hvort um þjónustu er að ræða sem að mati stjórnanda sé ekki unnt að skerða. Einnig skal stjórnandi leggja mat á áhrif þess ef ráðningu er frestað eða ekki er ráðið í starf, t.a.m. hvort draga þurfi úr þjónustu, fresta verkefni/verkefnum eða hætta með verkefni/þjónustu.
2. Ef niðurstaða stjórnenda er að nauðsynlegt sé að ráða í starf þá skulu stjórnendur starfsstaða senda inn beiðni um heimild til ráðningar til sviðsstjóra. Í beiðni skal tilgreina rök fyrir þeirri niðurstöðu.
3. Ef það er mat hlutaðeigandi stjórnanda og sviðsstjóra viðkomandi sviðs að nauðsynlegt og óhjákvæmilegt sé að endurráða í starf sem losnar og greining á stöðu fjárheimilda sýna að fjöldi stg. starfsstaðar er innan fjárheimilda þá heimilar sviðsstjóri ráðningu.
4. Ráðningar í grunnskóla, leikskóla og frístund skulu taka mið af mannaflapörf í samræmi við samþykkt úthlutunar- og reiknilíkon vegna málaflokksins. Sama á við um þjónustuúrræði á sviði velferðarmála þar sem unnið er með skilgreind mönnunarlíkon.
5. Fjármálastjóra sviða er falið í samráði við mannauðsstjóra að gera tvisvar á ári (jan. – júní og júlí til des.) samanburð á fjölda greiddra stöðugilda í samræmi við áætlaða mannaflapörf (stöðugildi) og samþykktar fjárheimildir starfsstaðar og skila til starfshóps um ráðningarrýni. Komi fram frávik umfram heimildir þarf að skila inn frávikagreiningu til starfshóps um ráðningarrýni. Jafnframt ber stjórnanda að fækka starfmönnum.
6. Ef greining á stöðu stg. er ekki innan fjárheimilda og mat sviðsstjóra er að brýn þörf sé samt sem áður á að manna umrætt starf þarf að taka mið af reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar.
7. Svið halda utanum stöðugildi eftir starfsstöðum og þróun þeirra, starfsmannaveltu, nýráðningar og annað sem máli skiptir.
8. Starfshópur um ráðningarrýni leggur mánaðarlega fram á fundi yfirstjórnar Reykjavíkurborgar upplýsingar um fjölda stöðugilda í samanburði við áætluð stöðugildi, fjölda ráðningaheimilda sem eru staðfestar á sviðum, fjölda ráðningaheimilda hafnað, fjölda ráðninga frestað og fjölda ráðninga sem hætt hefur verið við á sviðum.
9. Í öllum tilvikum skal þess gætt að framkvæmd á grundvelli reglna þessara rúmist innan heimilda laga og kjarasamninga sem Reykjavíkurborg er bundin af.

Reglur þessar eru staðfestar af borgarráði og taka gildi frá og með 1. janúar 2025 og gilda til og með 31. desember 2026.

Samþykkt í borgarráði þann 19. desember 2024.